

## Verklegar framkvæmdir erlendis

(Fráum. frá 3. bla)

ist mjög síðustu árin, þrátt fyrir það að mikil örðugleikar hafa verið á að koma upp mannvirkjum.

Arið 1917 voru gerðar afslöðvar um að um alla hafa 65,000 hestöfl og nái eru í smíðum stöðvar, er alls munu hafa yfir að ráða 90 þúsundum hestafala.

(Tidsskrift for Industri.)

**Niðursuðuvanar norska.**  
Fyrri helming ársins 1918 var flutti út tölvetur minna af niðursuðuvoru frá Noregi, heldur en á sama tíma í fyrra. Frá janúar til júlí 10,7 milj. kg., en í fyrra (1917) 23,7.

Af sardinum voru fluttar út 1,7 milj. kg., en í fyrra (1917) 3,3, af reyktri vorsíld í tómtásóu 0,2 og 1,2; af allekona niðursuðinni síld 6,8 og 16,6.

(Tidsskrift for Industri.)

### Niðursuðudóair úr pappa.

I Noregi hafa verið gerðar tilraunir til að nota pappa, þéttan með ýmsum efnum, "impregnérðan", í dósir utan um niðursuðvöru.

Það hefir tekist að ganga vel frá samskeytum og dósirnar líta vel út, en séu þær geymdu nökkringur tíma, mygla þær utan.

Nú er verið að reyna að koma þessum "impregneringar"-efnum betur inn í pappann, með því að blanda þeim saman við efnið, sem pappinn er gerður út og eru mun vongöðir um árangurinn.

(Tidsskrift for Industri.)

### Stærsta grafitnáma á Norðurlöndum

I Bertulasoni í Tyrvihéraði á Finnlandi hafa nái að undanföru verið rannsakaðar nýjar grafitnámur. Landeigindin W. Selander búfræsingur hefir fengið til þess sérfræðinga og hafa rannsóknir þeirra leitt það í ljós, að þarna muni vera stærstu grafitnámur á Norðurlöndum. Grafitið er þarna sumstaðar hreint, á öðrum stöðum blandað grjóti.

Nú er svo langt komið, að hlutafélag er stofnað til að vinna námuna og er hlutaféð margar miljónir marka.

Vélarnar, er nota á, eru pantat á frá Íslandi og verða þær knúðas af rafmagni. Grafmölunarkvörnin verður hjá Karkkjárnbrautarstöð. (Tekn. Fören. i Finl. Förhandl.)

### Nobelsverðlaun fyrir eðlisfræði.

Eðlisfræðisverðlaun Nobels fyrir síðastliðið á voru veitt C. G. Barkla, professor við háskólan í Edinburgh. Var það fyrir notkun hans á svo kölluðum afbrigðilegum Röntgengeislum. Notkun þeirra hefir þegar borðið mjög góðan árangur. Það er þeim að pakka að nýjar og sérstaklega hagkvæmar aðferðir nái fundist til að rannsaka innviði efni skenda hluta.

Charles Glover Barkla fæddist í Liverpool 1877. Hann stundandi nái við háskólan bar í borginni, en var einnig tiður gestur í "Trinity and Kings College" í Cambridge. Hann varð forstóðumáður, efnarannáskólan stofu og aðstoðarkennari í eðlisfræði við háskólan í Liverpool 1905, dósent í rafmagnsfræði við sama skóla 1907, professor í eðlisfræði við Lundúnaháskóla 1909 og professor í "natural philosophy" við háskólan í Edinburgh árið 1913. (Tekn. Fören. i Finl. Förhandl.)

### Fossakaup finsku stjórnarinnar.

Ríkisráðið finska hefur nýlega keypt fossana Taivalkoski og Narauksoski í Kemielv og Kukkolan-koski í Torne-elv. Kaupverðið er nokkuð undir 10 milj. marka. Samanlagt að fossanna hefir mælt vera 41,000 hestöfl, eins og fossarnir eru nú frá náttúrunn-

ar hendi og miðað við minsta vatnsmaga ánnan. Lágmarkavatnsaflíð í 9, mánuði ársins er samkvæmt nákvæmlega teknu mánaðameðaltali á árunum 1911—1918, samtals 79 þúsundir hestafila.

Æætlanir hafa þegar verið gerðar um afslöðvar við Narkauskoski. Sumkvæmt þeim má taká til notkunar 25,000 hestöfl á túbinuna, en það er alíð að alls megi nái 50,000 hestöflum úr fossunum.

Ríkisþingið hefir einnig veitt 56-þúsundir marka til að kaupa nokkur fossareitindi í Ule-elv. (Tekn. Fören. i Finl. Förhandl.)

### Gjögurnes

Hamragrett og hrikafengið horfir Gjögurnes út til djúps, með urðarhramma undir fleti hléa hulda, til að hræmna kili. Hamra-purs í svörtu gili bjargi og flögð úr hyljum hranna hata kynslóð manna.

O'ní djúp er útrétt tunga, ofar hamragin. Sá, er flaut á flaki þangað, fann þar aldrei vin. Okleift bjarg til beggja handa, brotsjór utar. Þeim, sem stranda, mætir kolsvört gjóta í gjögri girtu löðurkögrí.

Pegar brimsjó bjargi móti byltir vestanrok, er sem niður hafið hrynni í hamratröllsins kok. Mörgum hrikateigum torgar tröllið grett, en milli orgar, þegar ægir óvættinnar utan lemu kinnar.

Margra alda hræðsla hefur hamra magnad varg. Alinn geig frá gömlum dögum geymir skúti og bjarg. Reimleik jukur í riassónum sœfarenda, er sá bleika svipu um bjargið reika.

Spánska skútu eina' á öldum áður, þangað dreif. Upp slapp kapteinn einn með lifi og í bjargið kleif.

Hróp hans dó við hamraþilið; hungurmorða hann hvarfi í gilið. Andlit hans með harma fargi horfir út frá bjargi.

Hengibjörg og hamrastallar hafa ýmsa mynd. Hátt í kleif við hamrabrunir húkir beiingrind.

Sjómann herma: Sá er hjallur svipum dauðra fyltur allur. Andlit þeirra afskræmd hanga uppi um snasir dranga.

Óg er kraft sinn úfinn reynir aldan bjargið við blandast andvörp eymsdarþruning ina' í brimsins nið.

Saman fara í sogi baði sorgartuna' og heistarbæði. Ymist heystir ekkagrátratur eða grimmur hlátur.

Sjómanns líf þótt sýnt vera sífellt strið við afl dulið, baði djúps og skýja, dauða' og lífsins tafl, alt af vaggva vött og yljum, veldi stormsns yfir bilum, — töfrareimur hranna laga hugan til sín draga.

(P. G.)

### SÓLARLAG.

Yfir haf til undralanda er nú logagullin braut, og um loft og landið breiðist ljóssins dauðageisla skraut.

Hug minn dreymir huldu lönd,

höll og blóm á nýri strönd.

Sjásu ljóman lengst í vestri!

Littu' á gylta skýsins rönd!

Undraheimar aftanroða,

yndisfagra skýjaborg,

reist á mörkum hafs og himins,

hallir, vogar, björktorg!

Þó bið að eins öll eintólm þoka, gyltu fjöll, kys jeg álfur aftanroðans, undralandsins draumahöll.

P. G.

### Frá Islandi.

Rívsk 16. júní.

Eitthvert merkilegt frumvarp, sem stjórnin leggur fyrir næsta þing, er um stofnum haestaráttar á Islandi. Það með að domsvald haestaráttar Danmerkur í Islandum mánum afnumið.

Landsbyfirdómurinn verður lagður niður, þegar haestíréttur tekur til staða.

Haestarátt vorn eiga fimm dómariar að skipta. Dómstóri með elgs að fá 10 þús. kr. laun, en meðdómandur 8 þús. kr. hver.

Tausfregið hefir borist hingað um að Is sé við Horn.

Hittin var hér í morgum 5. stig, Ísafjörði 82. Akureyri 9. Seyðisfjörði 11.6. Grímstöðum 8. Vestmannaeyjanum 8. Þetta er minst hiti, sem hér hefir verið lengi.

Rívsk 17. júní.

I gær var Vísi sent eftirfarandi símskytti frá Ísafjörði, dagsett í gær:

Dingmalafundur, sem haldinn var hér í gær, samþykkti nær einróma eftirfarandi tillögu:

"Fundurinn skorar á alþingi, að geta þess vandlega að umráðaréttar vor yfir landini verbi að engu skertar og samþykkti engin réttarþarf, er stofn geti í tvísýnum stóru og stjórnarslesug sjálftaði vorum."

Enfremur heimtað bæta eftirlit með barnlögunum og stjórnin átalin tvír að birta eigi stjórnlagfrumvarpið sitt hið nýja.

Lagaprófi luku þrifr stúdentar á háskólanum í gær og hlutu einkunn sem hér segir:

Jón Kjartansson I. eink. 124 og tvö briðju stig.

Jón Sveinsson II. eink. betri, 93 og einn briðju stig.

Gunnar Espólin II eink. betri, 81 stig.

I gærkvöldi komu nokkur skip inn af svíðiveðum og höfðu sum veitt vel. Gískard er að Varanger hafi um 300 tunnum, Ása um 100 tunnum, Skjaldreiblum um 80, Skalli um 150 og Poistinn Egilsson um 50 tunnum. — Aflí Skjaldreibar var látni í Ishús, en óll hin veiðin söltu.

Rívsk 18. júní.

Langlifasti glimukonungur Islands er fallinn í valinn, eftir að hafa setið að voldum í 10 ár. Það var innanfótar hækrokur, sem hann "lá á".

En Reykvikinger geta huggað sig við það, að engum aðkomumannanna auðnaðist að leggja hann að velli. Konungurinn hefir aðsetur sitt í höfuðborg landsins eftir sem aður og hann er Reykvikur "i húð og háir".

Glimukonungurinn nái er Tryggvi Gunnarsson, sonur Gunnars Gunnarssonar frármála: ágætur glimumáður, þó að ekki væri búist við því, að hann mundi leggja Sigurjón.

Círlit glimunnar urðu þessi:

Bjarni Bjarnason frá Auðsholti vann eina glima.

Magnús Gunnarsson frá Hölmum vann tver.

Sigurjón Pétursson vann þrjár.

Tryggvi Gunnarsson vann þjórar.

Finn voru glimumennirnir: einn heira varð að tapa óllum glimnum.

Það var Porgils Guðmundsson frá Valdsstöðum, sem fyrir því varð, en hann vann hylfi áhorfendanna fyrir það, hvé fallega hann glimdi og hvé vel hann vaðist. Þegar hann glimdi við Sigurjón vann hvorugur á örnum í fyrstu attrennu, og urðu heirir því að glima aftur. Porgils er ágætur glimumaður, þó að honum auðnaðist ekki að fella neinn af andstæðingum sínum, og vonandi heldur hann áfram að ólka glimunum, þó að svona feri í þetta sinn, því að "ekki er óll nött úti en".

Um glimu belgra Sigurjóns og Tryggvi hebað að segja, að ólriti segi sumir. — Fyrst lagði Sigurjón bragi á Tryggva en hann kom hónum fyrir sig og snaraðist að Sigurjóni aftur op brá að hann hækrokur og Sigurjón var dottiinn, "áður en hann vissi af". Af slynni, haldar margir, en úr því verður næsta Islandsglima að skera, hvort svo hefir verið.

Íslandsglima var hæð fyrsta sinn

4. Ágúst 1903. Þá var Ólafur V.

Davíðsson (nú útgerðarmáður í

Hafnarfjörði) sigur af hölmi, og varð

því fyrst glimukonungur Islands.

Hann fór þá úr landi skónnum síðar,

og hefir aldrei tekið pátt í glimnum síðan — og því heldur ekki verið

sigraður.



## ÍSLENDINGA DAGUR

### Á GIMLI

2 Agúst 1919

Forseti Dagsins: Bergthor Thorðarson

### PROGRAM

|                                      |                             |
|--------------------------------------|-----------------------------|
| Minni Islands: . . . . .             | Ræða — Clemens Jónasson     |
| Minni Canada: . . . . .              | Kvæði — Jóhannes Frimann.   |
| Minni Nýja Islands: . . . . .        | Ræða — Olafia Johnson.      |
| Minni íslenzkra hermannar: . . . . . | Kvæði — Jónas Stefánsson.   |
| Minni islenzkra hermannar: . . . . . | Ræða — Sera H. J. Leó.      |
|                                      | Kvæði — Jón Stefánsson.     |
|                                      | Ræða — Séra R. Marteinsson. |
|                                      |                             |